

VEÐRÁTTAN 1944

MÁNAÐARYFIRLIT SAMIÐ Á VEÐURSTOFUNNI

Nóvember.

Tíðarfarið var umhleyppingasamt og fremur kalt.

Þ. 1.-2. Lægð yfir Grænlandshafi. Mild suðvestan átt fyrra daginn með rigningu eða súld á Suður- og Vesturlandi og stormi sums staðar vestan lands (Hmd. SW 10), en kólnaði nokkuð og gekk í vestan átt með éljaveðri þ. 2. Þ. 3.-10. var háþrýstisvæði yfir Grænlandi en lægðir fyrir sunnan eða austan Ísland, stundum voru grunnar lægðir yfir Grænlandshafi. Vindur yfirleitt milli austurs og norðurs. Frekar kalt og snjókoma norðan lands og austan flesta dagana. Víða varð ófærð á fjallvegum. Síðustu tvo dagana gekk vindur í austur og suðaustur sunnan lands og vestan vegna lægðar, sem nálgast landið suðvestan að. Um storm er getið suma dagana, en ekki víða (Horn NNE 10 þ. 4, Pap. og Vm. N 10 þ. 5., Pap. N 10 þ. 9., Hsd. SSE 10, Vm. E 12 þ. 10.). Þ. 4. eða 5. hreppti línuveiðarinn Rúna frá Akureyri aftakaveður í Straumnesröst og laskaðist talsvert. Þ. 10. var »Goðafossi« sökkt með tundurskeyti á Faxaflóa, 24 manns fórust en 19 var bjargað.

Þ. 11.-17. Djúp lægð staðnæmdist yfir Grænlandshafi og fór að eyðast og þokast suðaustur á bóginn. Suðaustan og sunnan átt fyrst, sums staðar stormur fyrsta daginn (Fgdl. 10 vindstig, Vm. E 11) en gekk síðan í austlaga átt. Milt lengst af og mikil rigning sunnan lands og vestan fyrstu dagana, en síðan varð loftþrýstingur hár og var þá víðast þurr veður. Þ. 13. kom leki að vélbátnum Sænni út af Haganesvík og sökk hann. Mannbjörg. Þ. 17. Strandaði vélbáturinn Gísli Johnsen á fjörunum hjá Knarrarnesvitanum, en náðist út aftur sama dag nærri óskemmdur.

Þ. 18.-26. Hæð yfir Grænlandi. Lægðir fóru norðaustur yfir Bretlands-eyjar og Norðurlönd. Suma dagana voru grunnar lægðir yfir Grænlandshafi. Vindstaða nokkuð breytileg, yfirleitt norðlæg eða austlæg. Kalt flesta dagana, en úrkomulítið lengst af.

Þ. 27.-30. Djúp lægð kom suðvestan að og fór norðaustur yfir landið. Víða stormur eða rok og mikil úrkoma þ. 27. (Kvgd. E 10, Dol. NE 11. Horn NE 10, Hlh., Skrl., Hvk., Rkhl., E 10, Höfn og Fgdl. SE 10, Pap. SSE 10, Hól. ESE 10, Vm. E 10 og ESE 12, Smst. E 10, Hæll ESE 11). Þ. 29. var lægðin komin norðaustur fyrir landið, og vindur varð norðvestlægur, en ný lægð kom þá suðvestan að, og var skammt vestur af Íslandi þ. 30., og var vindur þá suðvestan eða vestan með éljaveðri vestan lands. Þ. 27. strandaði vélbáturinn Hafaldan við Öndverðarnes. Mannbjörg. í Vatnsdal og Þingi í Húnavatnssýslu fauk af heyjum og þak af íbúðarhúsi í Miðhúsum. Loftvægið var 1 4 mm undir meðallagi á öllu landinu, frá 1.0 mm í Rvk., Ak., Dt. að 1.8 mm á Hól. og Vm. Hæst stóð loftvog 778.6 mm þ. 15. kl. 20 á Rfh., en lægst 710.7 mm þ. 27. kl. 23 í Rvk.

Hitinn var 0.6° undir meðallagi á öllu landinu. Kaldast var að tiltölu vestan lands, hiti rúmlega 1° undir meðallagi, en hlýjast í innsveitum á Suðvesturlandi, hiti í tæpu meðallagi. Köldustu dagarnir voru 7.-9., hiti 5°-6° undir meðallagi og 24.-25., hiti 5° undir meðallagi, en þeir hlýjustu 1., hiti 7° yfir meðallagi og 11. og 15. hiti 5° yfir meðallagi. Sjávarhitinn við strendur landsins var 0.5 ° yfir meðallagi, mestur að tiltölu 1.1° yfir meðallagi við Rvk., en minnstur í tæpu meðallagi við Vestfirði.

Jarðvegshitinn á Rafmagnsstöðinni við Reykjavík var 8.3° í 2 m dýpt. Úrkoman var 25 % undir meðallagi á öllu landinu, mest að tiltölu í Vm. tvöföld meðalúrkoma, en minnst á stöku stað norðaustan lands, 20% af (41)